



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laufskálar

2022 – 2023



Hildur L. Jónsdóttir

Leikskólastjóri



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3	Framvinduskýrsla Laufskála.....	13
4	Innra mat deilda	15
5	Innra mat sérkennslu.....	21
6	Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023.....	21
5	Innra mat – fjöltyngd börn	22
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
8	Foreldrasamvinna	24
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
10	Fylgigögn.....	26
10.1	Skýringar með skóladagatali.....	26
10.2	Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs	27



1 Greinargerð leikskólastjóra

Dásamlega ruglingslegu skólaári er að ljúka. Börnin okkar kunna hluti sem við ætluðum ekkert að kenna þeim en eru frábærir hlutir að kunna og hugsa um. Okkur fannst gaman að heyra börnin tala um að grímur, hanskar, hólfun, foreldrar fyrir utan leikskóla og aðrar sóttvarnir væru ekki bara svo þau veiktust ekki heldur til þess að þau smituðu ekki aðra ef þau væru með covid. Eldri börnin skildu það vel og náungakærleikur þeirra það mikil að þau vildu taka þátt í að vernda hvert annað.

Sóttvarnir hafa minnkað en við höldum eftir því sem við teljum gera okkur gott áfram og má þar helst nefna handþvott sem er vörn fyrir svo miklu fleiru en covid.

Það var langt frá því að covid einkenndi árið þó það truflaði vissulega en starfsfólk leikskólans hélt úti framúrskarandi leikskólastarfi með breyttum áherslum vegna styttingu vinnuvikunnar og uppskáru vel. Börnin sýna þakklæti sitt á hverjum degi og foreldrnir eru duglegir að láta vita af ánægju sinni með leikskólastarfið það kitlaði okkur öll sem að leikskólanum koma að fá í fjórða sinn hvatningaverðlaun Skóla og frístundaráðs. Að tekið sé eftir starfinu okkar og við hvött til að halda því áfram er ómetanlegt og við öll sem störfum í Laufskálum þökkum fyrir okkur og þá athygli og hrós sem við höfum fengið samfara þessum verðlaunum.



Kannski þykir það ekki merkilegt en það skipti heilmiklu máli fyrir starfssemi leikskólans þegar skólaárið 2021-2022 gat hafist á splunkunýju gólfi í miðrými skólans. Brotnar og gamlar flísar fuku fyrir mjúkum dúk sem er ekki bara fallegur heldur skapaði betri hljóðvist í húsinu. Viðhald skólahúsnæðis hefur verið í umræðunni og við fögnum því í leikskólanum að fallegu byggingunni okkar er haldið við og stöðugt verið að koma til móts við óskir okkar um það sem betur má fara.

Leikskólastjóri var kallaður til annarra verkefna hjá Skóla og frístundasvið fyrstu 6-8 mánuði skólaársins. Guðrún Rut Bjartmarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Anna Björg Guðmundsdóttir sérkennslustjóri tóku að sér að stýra leikskólanum á meðan. Það hefur alltaf áhrif þegar skipt er um stjórnanda jafnvel þó það sé tímabundið. Áætlanir okkar um breytingu á mati viku því í ár vegna þessa en verða þá áhersluatrið næstu skólaár.

Í fyrsta skipti í mörg ár er starfsmannahópurinn okkar ekki fullmannaður fyrir næsta skólaár. Margir þættir hafa áhrif á þessa stöðu og starfsmenn sem nú kveðja okkur gera það af ólíkum ástæðum. Við erum bjartsýn á að fylla allar lausar stöður góðu fólki sem koma með nýja sýn og hugmyndir inn í starfið okkar.

Hvað sem næsta skólaár býður okkur uppá er starfsmannahópurinn samheldin og ákveðinn í að gera sitt besta hverju sinni. Það er gott að leiða þannig hóp og það er gott að tilheyra þannig hóp.



Starfsfólk leikskólans leikur leikrit fyrir börnin á afmælisdegi leikskólans 25. mars

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat í Laufskálum hafði veið i föstum skorðum í nokkur ár en hefur tekið breytingum undanfarin 3 ár vegna breyttra áherslu SFS í starfsáætlun um deildarmat. Við erum enn að máta okkur við það verkefni og viljum vanda okkur og skoða verkferlana varðandi matið.

Við sjáum að það er þörf á stuðningi við deildarstjórna vegna matsins og viljum því virkja það með aðkomu matsnefndar Laufskála. Matsnefndina skipa Hildur Jónsdóttir leikskólastjóri, Guðrún Rut Bjartmarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og tilfallandi aðilar varðandi ólíka þætti.

Verkefni matsnefndar skólaárið 2022-2022 taka líklega breytingum þegar líður á en eftirtaldir þættir eru á dagskrá:

Foreldraviðtöl.

Covid þvingaði okkur í að breyta foreldraviðtölum með engum fyrirvara og viðtölin tekin við nýjar og sérstakar aðstæður síðustu 2 ár. Það var lærdómsríkt og hressandi að þurfa snögglega að taka faglegt viðtal í gegnum fjarfundabúnað eða síma. Að missa þetta persónulega sem hefur fylgt viðtölum var skellur sem erfitt er að lýsa. Um leið og gluggi opnaðist reyndum við að hitta sem flesta foreldra og urðum fyrir gífurlegum vonbrigðum þegar aflýsa þurfti öllum viðtölum með stuttum fyrirvara (ekki vegna covid heldur influensu sem helltist yfir okkur eftir covid). Það hafði ekki verið skipulagt að endurskoða foreldraviðtöl hjá okkur en eins og svo oft í skólastarfi þarf að bregðast skjótt við og það gerðum við eftir að hafa jafnað okkur á þeim vonbrigðum að hafa ekki getað sinnt þessum mikilvæga þætti á vorönn 2022. Þessi þáttur verður því í mati hjá okkur næstu skólaár. Ákveðið var af stjórnendateymi leikskólans að breyta fyrirkomulagi foreldraviðtala næsta vetur og meta hvernig gengur. Viðtölin hafa verið 2x á ári, eitt fyrir áramót og annað eftir áramót. Deildarstjórar hafa því átt í miklum önnum við að undirbúa viðtöl og mikil skellur ef fresta þarf viðtölum öllum í einu.

Nýtt fyrirkomulag viðtalna sem fer í mat verður með þeim hætti að viðtal er tekið við foreldra barnanna í afmælistánuði barnsins og svo aftur 6 mánuðum seinna. Með þessum hætti teljum við álagi dreift vegna undirbúnings viðtalanna og líklega auðvelt að koma viðtali fyrir á öðrum tíma ef aðeins þarf að fresta einu og einu viðtali en ekki öllum 82 viðtölunum eins og gert var í vor.

Matið verður í formi viðtala við deildarstjóra sem svara spurningum um kosti og galla fyrra forms og þess nýja. Svörin verða borin saman og metið hvort fyrirkomulagið þykir betra. Áætlað er að þetta mat taki amk 2 ár. Ábyrgð á matinu er í höndum matsnefndar Laufskála.



Sérkennsla TMT og TRAS.

Jafnvel þó sérkennsla sé í góðu jafnvægi er alltaf gott að gera betur og innleiðing TMT fer í mat að beiðni sérkennslustjóra sem telur aðhald frá matsteymi við innleiðingu og eftirfylgni það sem þarf til að festa TMT í sessi.

TRAS er í notkun en mögulega þarf að tímasetja betur hvenær skráningar fara fram eða einhverskonar eftirfylgni með skráningunni. Viðtöl við skráningaraðila með spurningum um þessi atriði og skráningar sérkennslustjóra varpa vonandi ljósi á hvort um vanda er að ræða og þá lausn á honum.

Deildarmat – námskrá barnanna sjálfra.

Breyttar áherslur SFS um mat hafa hrist upp í okkur og eitt af atriðum sem ekki hefur verið horft á undanfarið með matsaugum er námskrá barnanna sjálfra. Óljós framsetning hefur gert okkur erfitt fyrir að meta og það viljum við laga. Matið fer fram á þann hátt að matsnefnd styður við uppsetningu og framsetningu námskrárinnar. Einfaldur spurningarlisti sker svo úr um hvort atrið námskrárinnar voru framkvæmd og hvernig til tókst. Bæði starfafólk og börn (amk þau elstu) taka þátt í að svara.

Umbótaáætlun vegna ytra mats Menntamálastofnunar

Umbótaáætlun verður fylgt eftir samkvæmt því skipulagi sem við áætlunin segir til um. Matsnefnd verður að meta hverju sinni hvaða aðkomu er þörf og kalla til aðila. Umbótaáætlunina má sjá hér neðar í kaflanaum um Ytra mat.



Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á starfi Laufskála haustið 2020. Ítarleg umbótaáætlun var unninn í kjölfarið sem við keppumst við að fylgja eftir 😊

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hven ær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/a r	Endurmat, hvenær/hver nig
Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹					
Ákvæði laga um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, ummönnun og uppeldi barna. Leikskólinn uppfyllir ekki þessi ákvæði.	Verkefni Reykjavíkurborgar um sumarliða hefur vakið áhuga ungmenna á námi í leikskólakennarafræðum, við tókum þátt í þessu verkefni. Hingað hafa komið nemar í bæði B.ed og Msc námi í leikskólafræðum og ráðið sig aðty námi loknu við skólann. Við viljum halda þessu verkefni áfram. Kynningarefni um leikskólann gerir starfið okkar sýnilegra og aðlaðandi.	Er hafið	Þegar ákvæði er náð	Leikskólastjóri.	Er stöðugt í endurmati og nýrra leiða leitað.
Útileiksvæði, ekki nógu vel nýtt.	Undanfarin 2 ár hafa lítil svæði í garðinum verið endurbætt og gerð betri til náms og leikja. Skipting á garðinum í 2 svæði var til bóta hvað varðar yfirsýn. Bakgarður þarfnast viðhalds og er illa nýttur nema yfir hásumarið. Vonast er eftir endurbótum á svæðinu sumarið 2021. Hins vegar mætti skipuleggja útistarfið betur og þar með nýta bakalóðina betur og áætlað að nota vor og sumarmánuði í það.	Maí 2021	Júlí 2021	Leikskólastjóri. Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar.	Vor 2022
Einkunnarorð leikskólans ekki nógu sýnileg og starfsmenn meðvitaðir	Einkunnarorðin eru prentuð á filmur í gluggum leikskólans en sennilega allir hætta að taka eftir þeim. Umræður á starfsmannafundum, stjórnendafundum og deildarfundum um þýðingu og tilgang orðanna er komin á dagskrá.	Nóv 2020	Maí 2021	Stjórnendateym í Laufskála	Vor 2021

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær r hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/a r	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	----------------	--------------	-------------------	--------------------------

Svið II – Stjórnun

Menntastefna Reykjavíkurborgar þarfnast kynningar og tengja hana við starfið í leikskólanum	Starfsmannafundur í október. Umræða um Menntastefnuna leiddi í ljós að meirihluti starfsfólks vissi vel af henni og gat tengt við starfið í leikskólanum en áttaði sig ekki á að Draumar geta ræst væri hin eiginlega menntastefna borgarinnar. Því var þá komið til skila. Umræður um hvernig starfið í leikskólanum er byggt á lögum um leikskóla, námskrá og menntastefnu er nú umtalsefni á öllum starfsmannafundum. Móttaka nýrra starfsmanna er í endurskoðun og fræðsla um þennan þátt komið inn í það verkefni.	Okt 2020	Des 2022	Stjórnendateym i Laufskála	Maí 2023
Skólanámskrá Laufskála. Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er ekki gerð skil og ekki tengd við starfið.	Þessi þáttur hefur verið á dagskrá í 1 ár (fyrst í janúar 2020) en verið forgangsraðað aftarlega vegna verkefna ársins. Tveir starfsmenn hafa verið valdir til að verða fremstir í flokki jafningja með kynningu á Barnasáttmálanum og tengingu hans við starfið í Laufskálum. Þessir starfsmenn haf sótt námskeið og sett sig vel inn í málin. Umbótaáætlun gerir ráð fyrir að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.	Mars 2021	Maí 2022	Leikskólastjóri, Guðrún aðstoðarleikskól astjóri og Sigríður Jóna verkefnastjóri.	Maí 2022
Endurskoðun Skólanámskrár	Skólanámskrá er lifandi plagg en hefur ekki fengið að þróast undanfarið í Laufskálum. Nokkur atriði innan námskrárinnar þarfnast umbóta. Raddir starfsmanna fá að heyrast þegar allir sem starfa við skólann taka þátt í námsmati að vori. Þættir úr námskránni eru á dagskrá í mati vorsins.	Jan 2021	Maí 2021	Leikskólastjóri, Matsnefnd Laufskála	Vor 2023
Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ekki til skráð.	10 ára farsælt samstarf hefur gefið okkur stjórnendum tækifæri til að fylgja fljótandi verkaskiptingu sem aðallega tekur mið af styrkleikum og svo minni styrkleikum. Skráning á einhverjum daglegum verkum og hvernig við skiptum þeim hefur verið skráð og verður kynnt í upphafi næsta skólaárs. Þangað til getum við líklega bætt á listann árstíðabundnum verkefnum.	Okt 2020	Ágúst 2021	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskól astjóri	Vor 2023
Stjórnendafundir of langir	Stjórnendafundir eru frá því haustið 2020 hluti af undirbúningstíma deildarstjóra. Einfaldast að segja að annarra umbóta en tímavarðar er ekki þörf. Aðstoðarleikskólastjóri tók að sér það hlutverk.	Okt 2020	Des 2020	Stjórnendateym i Laufskála	Vor 2021
Finna þarf leið til að deildarfundir falli ekki niður.	Vitum ekki hvað hægt er að segja um þennan þátt. Mjög nákvæmar skráningar á deildarfundum undanfarin 3 ár segja okkur að deildarfundir hafa ekki fallið niður nema ef deildarstjórar viðkomandi deildar eru fjarverandi og lítið hægt að gera til að koma í veg fyrir það. Þegar þessi umræða kom upp fyrir nokkrum árum var gripið til þess að skrá vandlega hvenær áætlað er að deildarfundir vetrarins fari fram	Feb 2021	Feb 2021	Stjórnendateym i Laufskála	Þessi þáttur er í árlegu mati.



	(dagsetningar), fyrir fram ákveðið efni og svo er hver fundur ritaður og starfsmenn kvitta undir og staðfesta þar með mætingu sína á fundinn. Ef fundurinn féll niður var það skráð og hvers vegna og ef tókst að halda fundinn inna viku var það líka skráð. Mótmælum því að deildarfundir í Laufskálum falli niður.				
Samningsbundnir undirbúningstímar falla niður.	Stjórnendateymið ekki sammála um þennan þátt. Töluverð óregla er okkar helsti óvinur þegar kemur að undirbúningstímum. Skráningar á þessum tímum er í rugli og reynt að vinna með traust og sjálfstæð vinnubrögð. Hvorugt hefur gengið vel. Við 10 klukkustunda undirbúning deildarstjóra og styttingu vinnuvikunnar varð öllum ljóst að skipulag var nauðsynlegt. Mikil samvinna stjórnendateymis hefur gefið okkur nokkrar vikur í að máta skipulag sem tryggir undirbúningstíma og ef hann fellur niður og ekki næst að bæta hann innan vikunnar er hann greiddur í yfirvinnu.	Nóv 2020	Maí 2021	Leikskólastjóri	Haust 2021
Símenntunaráætlun ætti að endurspegla stefnu og þarfir leikskólans og ná til allra starfsmanna.	Teljum okkur gera það. Raddir starfsmanna ráða algjörlega símenntunnar áætluninni. Hver starfsmaður er spurður um þarfir hans og áhuga varðandi símenntun í starfsmannaviðtali. Starfsmenn hafa verið hvattir til að hugsa um þennan þátt áður en komið er í viðtalið og hafa í huga að fræðslan sem óskað er eftir nýtist í starfi leikskólans. Með þessum hætti hafa starfsmenn óskað eftir fræðslu í skyndihjálp, Lubba námskeið, leiklistarkennslu og fræðslu um margtyngd börn. Við höfum kosið að vinna með þann starfsmannahóp sem er við störf hverju sinni og gert áætlun til eins árs í einu.	Okt 2020	Okt 2020	Leikskólastjóri	Vor 2021
Endurvekja og koma á móttökuáætlun nýrra starfsmanna	Nú þegar er hafin vinna við að laga þennan þátt sem er í algjörum molum í leikskólanum. Gömul áætlun er til en þarfnast endurbóta. Mikill vilji að koma þessum þætti í lag. Mestur áhugi á að bæta 1. viðtal við leikskólastjóra, stöðuviðtöl við deildarstjóra og bækling fyrir nýjan starfsmann þar sem hann getur sjálfur fylgst með hvernig móttakan á að vera samkvæmt gæðakröfum okkar. Þar á að vera merkt við og kvittað fyrir þætti innan móttökuáætlunarinnar. Gæta þarf að starfsmaðurinn fái tækifæri til að kynna sér útgefið efni leikskólans einsog starfsmannahandbók, námskrá og Agastefnu.	Sept 2020	Sept 2021	Stjórnendateym i Laufskála	Vor 2023

Umbótabáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili /ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Uppeldis og menntastarf					
Hlutverk starfsmanna í matartímum, umræða, fræðsla málörvun.	Frábært verkefni farið af stað til að styrkja þennan þátt. Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í verkefninu. Fræðsluefni um næringu, matartegundir, samsetning máltíða, nammidaga ofl sem starfsfólkið útbýr í sameiningu er ætlað til að auka orðaforða og áhuga á næringu og heilsu. Fræðsluefnið er í formi ólíkra spila og mynda til að byrja með og er unnið með börnunum utan matartíma en starfsfólki uppálagt að tengja efnið við umræður í matartímanum. Markmiðið er að nota þennan gæðatíma sem matartíminn getur verið til fræðslu og jákvæðra samskipta. Hér er tekið átak í þessu og verkefnið tímasett en í raun er þessi áhersla komin til að vera.	Jan 2021	Jan 2022	Allt starfsfólk Laufskála	Vor 2022
Listakrökur og grófhreyfisvæði, meiri umræða.	Í mörg ár fóru börnin í hópum í skipulagðar hreyfistundir á grófhreyfisvæði leikskólans, þessir tímar viku fyrir áherslum okkar í sköpun. Leiklist hefur verið áhersla okkar í nokkur ár og ákveðið að hafa fjölbreytt verkefni innan leiklistarinnar sem gætu stutt við kröfur um grófhreyfingar innan dyra. Einnig rúmast vel innan leiklistarinnar tækifæri til myndlistar. Búninga og grímugerð, leikmyndagerð og líkamsmálun. Allt þetta kemur ekki í veg fyrir að góðar umræður um hvaða tækifæri börnin í Laufskálum fá til listsköpunar og grófhreyfingar. Þetta verður því sett á dagskrá deildarfunda.	Haut 2021	Vor 2022	Deildarstjórar	Vor 2022
Skapandi starf og Vísindi, hærra undir höfði	Þetta eru tveir ólíkir þættir og verða þeim gerð skil í sitthvorum lagi. Skapandi myndlistarstarf. Við getum ekki verið sammála um að þessi þáttur þarfnist frekari athygli. Börnin hafa frjálstan aðgang að efniviði til myndlistar. Myndlist er sinnt samhliða sköpun í leiklist. Myndlistin í Laufskálum er ekki alltaf á sléttu hvítu blaði heldur í formi líkamsmálningar, leikmynda og grímugerðar td. Flæði sem er í leikskólanum 3 hverju viku býður uppá myndlist í listakrök. Auk þessa eru mörg verkefni sem eru í námskrá barnanna (þau gera sjálf námskrá) þess eðlis að þó nokkur myndlist er hluti verkefnisins. Vísindi. Hér höfum við nýtt mannauðinn og vitum vel að ef ekki er vísindalega sinnaður starfsmaður við störf höfum við ekki sinnt þessum þætti markvisst sem sér verkefni innan leikskólastarfsins. Tækifæri til bóta verða könnuð í starfsmannahópnum og allt starfsfólk leikskólans fær tækifæri til að koma með tillögur og leita tækifæra við að gera vísindum hærra undir höfði í Laufskálum. Vísindi eru þó hægt að finna í starfinu td þegar er unnið með skugga myndir og	Mars 2021	Vor 2021	Allt starfsfólk Laufskála	Vor 2022



	hljóð í leiklist. bækur um vísindi eru alltaf í umferð og efniviður til taks sem gaman er að nota í markvissri vísindafræðslu.				
• Ritmál sýnilegra	Í fræðsluefni um heilsu og næringu sem verið er að útbúa í leikskólanum er ritmál haft með í hverju skrefi. Lubba verkefnið gefur okkur tækifæri til að vinna með ritmal samhliða málörvun. Merkingar við húsgögn, herbergi oph eru leið sem áætlað er að byrja á strax.	Feb 2021	Vor 2022	Allt starfsfólk Laufskála	Vor 2022
• Mat á námi barna fjölbreyttara	Til að ná betur utan um þennan þátt ætlum við að gera skráningar á hvað matsaðferðir eru notaðar, jafnvel þó þær séu bara notaðar við sérstakar aðstæður. Við viljum bera okkur saman við aðra leikskóla og kanna vandlega hvað við viljum bæta. Styrkleikar okkar liggja í opnum hug og vilja til að gefa nýjum og gömlum hugmyndum tækifæri. Við viljum líka skoða hvort og þá hvaða matsleið er heppileg fyrir skóla af þessari stærð með sköpun sem aðaláherslu.	Mars 2021	Vor 2021	Matsnefnd Laufskála og Stjórnendateymi Laufskála	Vor 2022
• Foreldrar komi að mati á námi barna sinna	Samhliða skráningum á mati og hugmyndum að „nýjum“ leiðum verður tekið tillit til að þessi að foreldrar komi að mati á námi barna sinna í matsleiðum okkar.	Mars 2021	Vor 2021	Matsnefnd Laufskála og Stjórnendateymi Laufskála	Vor 2022



Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hven ær hefst	Hvenær r lokið	Ábyrgðaraðili /ar	Endur mat, hvenær r/hvernig
---	--	---------------------	-------------------	----------------------	--------------------------------------

Svið IV –

Foreldrasamvinna og

ytri tengsl

Lýðræðislegt val í foreldraráð.	Höfum ekki dottið niður á góða hugmynd um hvernig hægt er að hvetja fólk meira til að bjóða sig fram. Hingað til hefur starf foreldraráðs verið kynnt og óskað eftir framboðum. Þessi kynning fer fram með tölvupósti frá leikskólastjóra, í námskynningum/foreldrafundum að hausti og í fréttabréfum	Sept emb er árleg a		Leikskólastjór i	
Vinnureglur foreldraráðs	Þessum skilaboðum verður komið til skila til foreldraráðs við upphaf starfs hvers foreldraráðs fyrir sig	Sept 2021		Leikskólastjór i	
Upplýsingar til foreldra um daglega líðan, hvíld og matarræði	Þessar upplýsingar hafa verið skráðar á blað sem hengt hefur verið upp í fataherbergi eða við deildarhurð. Undanfarið ár hafa foreldrar ekki komi inn í bygginguna og ekki séð þessi blöð. Nú eru þessar upplýsingar skráðar í Völu og foreldrar geta nálgast þær með appi.	Okt 2020	Okt 2020	Deildarstjórar	Vor 2021
Matseðil aðgengilegri foreldrum	Hér er sennilega einhver misskilningur í gangi. Foreldrar hafa greiðan aðgang að matseðlinum þó hann sé ekki á heimasíðu leikskólans. Foreldrar fá matseðilinn sendan til sín í tölvupósti vikulega. Seðilinn hangir uppi við útganga leikskólans og er sýnilegur þegar staðið er fyrir utan leikskólann. Einnig er matseðilinn skráður í Völu og þar með aðgengilegur í appi.	Feb2 021	Feb 2021	Leikskólastjór i	
Skólanámskrá hvað upplýsingar fylgja börnum í grunnskólann.	Klausu um þetta verður bætt í skólanámskrá við næsta endurmat.	Feb 2021	Vor 2022	Leikskólastjór i	Vor 2022
Heimasíða upplýsingar á fleiri tungumálum	Þennan þátt þarf að skoða með Skóla og frístundasviði borgarinnar. Hagnýtar upplýsingar eru til að miklu leiti á nokkrum tungumálum og við þurfum að tengja þær upplýsingar við heimasíðuna okkar með krækjum. Það þarf að skoða þýðingar á efni sem tengist Laufskálum beint og gera þá ráð fyrir kostnaði við þýðingar í fjárhagsáætlun.	Haus t 2021	Vor 2022	Leikskólastjór i	Vor 2022

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
--	---	-----------------	-----------------	------------------	-----------------------------

Svið V – Skóli án aðgreiningar

Verkferlar vegna snemmtækrar íhlutunar sýnilegri.	Verkferlar eru til og verða settir á heimasíðu	Mars 2021	Mars 2021	Leikskólastjóri	Vor 2021
---	--	--------------	--------------	-----------------	----------



3 Framvinduskýrsla Laufskála

Staðan á umbótum út frá ytra mati Menntamálastofnunar 2020.

Svið 1 Leikskólinn og umhverfi hans.

Fyrstu tvö atriðin er eitthvað sem við ráðum lítið við. Við erum alltaf að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum. Það er búið að gera smá breytingar á garðinum og erum við að vonast eftir framhaldi á þeim á næstu tveim árum. Og er þetta atriði en í vinnslu fram á vor. Atriðið um einkunnarorð leikskólans er búið að vera í vinnslu frá matinu. Við fórum í að kynna þau fyrir starfsfólki og kom upp sú umræða að endurskoða einkunnarorðin. Er það á áætlun á næsta starfsmannafundi 30.mars. 22.

Svið 2. Stjórnun

Þættir í þessu sviði eru flestir en í vinnslu og mislangt komnir vegna ytri aðstæðna. Síðast liðin tveir vetur hafa verið erfiðið í svona vinnu vegna fjarlægðartakamarkana á starfsfólki og munum við því seinka aðeins vinnu í þessum þáttum en er vinnsla þó hafin á þeim öllum og lokið í einhverjum. Búið er að tengja barnasáttmálan við skólastarf Laufskála og er búið að hengja það upp innan skólans. Einnig er búið að gera skráningablað fyrir undirbúning deildstjóra og með því er betur hægt að fylgjast með niðurfellingu þeirra.

Svið 3 Uppeldi og menntunarstarf

Þessa þætti höfum við unnið sérstaklega með. Matarverkefnið hefur gengið vel og er orðið fast í starfinu og verður endurmetið í vor. Listasmiðja og hreyfisvæði hafa verið síðustu tvö ár verið innan hólfunar og því höfum við ekki verið að fara með hópá þangað en verkefnin þar hafa færst inn á deild eða út. Og tökum við þetta aftur upp nú eftir covid. Ritmálið er allt að verða sýnilegra en alltaf má gera betur. Mat barnanna féll niður síðast en verður tekið upp á fullu eftir þennan vetur. Mat foreldra hefur ekki verið tekið inn en er á áætlun að vinna í því næsta vetur. Heimasíða leikskólans hefur ekki verið bætt og er það ekki í okkar höndum, SFS er að endurskoða heimasíður leikskólana og meðan sú vinna er í gangi þá gerum við ekki meira í henni.

Svið 4 Skóli án aðgreiningar

Verkferlar um snemmtækrar íhlutunar sýnilegri. Vegna vinnu í heimasíðu hefur þessi þáttur ekki verið settur þar inn.

Svið 5 Innra mat

Hagsmunahópar í matnefnd. Við ætluðum að fá foreldra með okkur í þetta verkefni en höfum við ekki gert það vegna yrti þátta. Vinnum með þetta næsta vetur. Innra mat hefur í auknu mæli færst inn á deildar vegna deildamats og teljum við því alla starfsmenn taka þátt í því. Innra mat 3-5 ár fram í tíman þetta verkefni er í vinnslu hjá okkur og ætlum við okkur að taka tvö ár í viðbót í að fullmóta þetta. Við höfum ekki kynnt matið fyrir foreldrum vegna anna í covid. Önnur verkefni í þessu sviði eru í vinnslu.



4 Innra mat deilda

Grenilundur 2 ára börn Klara Sjöfn Kristjánsdóttir deildarstjóri.

Mats- þáttur	Framkvæmd	Hvernig metið	Hvernig gekk	Áætlun fyrir vormisseri	Vorannarmat Hvernig gekk
Félags- færni	Starf deildar miðist út frá gleði og áhuga barnanna sjálfra og verkefni séu unnin með lærdómsferlið i huga. Börnin læri að tilheyra hóp og deila rými og leikefninu með öðrum.	Að kennararnir væru alltaf til staðar i leiknum og gætu þannig fylgst með, tekið þátt, komið með kveikjur og gripið inni og leiðbeint ef þess þarf. Vera á gólfinu og skipta þeim uppi smærri hóp. - Rætt á deildarfundi hvernig gekk og hvað mætti bæta.	Önnin gekk vel og allir stóðu sig vel. Börnin voru mikið veik þennan vetur, þannig hvert barn sem var i leikskólanum fékk meira frá okkur.	Halda áfram með það sem frá var horfið.	Kennararnir voru alltaf til staðar fyrir börnin og gátu því gripið inni ef þess þurfti. Við vorum dugleg að skipta þeim i hóp og halda hópnum á sínum stað.
Samveru- stund	Að börnin taki þátt, læri að sitja kyrr og hafi gaman að samverustund.	Þau voru fljót að læra að sitja kyrr og mikið var sungið með þeim og þeim kennd tákni i söng. Við höfðum oftast 2-3 kennara með börnunum þannig auðvelt væri að gripa inni ef þau myndu ruglast	Samverustundirnar gengu vel. Öllum börnunum fannst gaman og þau tóku flest öll þátt hverju sinni.	Fara að lesa meira fyrir þau i samverustund, segja sögur og notast við töflusögurnar sem við eigum.	Mikið var um töflusögur sem öll börn elska og lærðu þau mörg aevintýri út frá því. Það gekk vel fyrir þau að hlusta á sögur/bækurnar.
Samskipti	Gefa hverju barni fyrir sig mikil samskipti frá okkur i leik, við matarborð, fataklefa, útivera og þegar verið er að skipta á þeim.	<i>Gefðu mér 10</i> skráningar á samræðum og samskiptum barna sem á þurftu að halda. Töluðum saman á deildarfundi ef við höfðum áhyggjur af einhverjum börnum og hvernig gengi með hin.	Gekk vel og náðum við þeim börnum sem vildu lítið vera hjá okkur fyrst og áttu lítil samskipti við okkur til okkar.	Halda áfram að reyna að gripa þau börn sem þurfa meira frá okkur.	Við teljum okkur hafa náð að gripa þau börn sem þurftu meira frá okkur. Öll börnin eiga samskipti við fullorðna og börn
Sjálfs hjálp	Kenna börnunum að borða sjálf og ganga frá eftir sig leikefninu sínu.	Kennararnir væru alltaf til staðar fyrir þau til að hjálpa, agastefnan okkur var mikið notuð. Villtu gera sjálf/ur eða þarftu aðstoð.	Gekk vel, öll börnin lærðu að nota gaffalinn og borða sjálf. Það var alltaf kennari á hverju svæði sem hjálpaði þeim að ganga frá eftir sig og fengu þau mikið hrós fyrir.	Að börnin byrji að klæða sig sjálf i útiföt. Og gangi frá eftir sig eftir hádegismatinn og kaffitíma.	Þau eru orðin mjög dugleg að ganga frá eftir sig, eru ennþá að læra að klæða sig sjálf en mörg orðin dugleg.
Hópastarf	Börnunum skipt upp i fjóra hóp, hver hópur fer i hópastarf tvisvar i viku.	Kennari i hópastarfi heldur utan um sinn hóp og skráir hjá sér hvernig gekk og rætt á deildarfundi hvernig gekk.	Hópastarfið gat ekki byrjað almennilega fyrr en eftir áramót sökum fárra barna (veikindi mikil hjá börnunum).	Byrja hópastarfið á fullu og bæta við að lesa bók fyrir börnin áður en hópastarfið byrjar.	Hópastarfið gekk vel, lesin var bók fyrir börnin sem var alltaf gert. En hópastarfið féll smá niður sökum veikinda.



Birkilundur 3 ára börn Edda Sigrún Svavarsdóttir deildarstjóri.

Birkilundar Matsþættir

UMBÓTABÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Sjálfsþjálfun	efla færni barna í fatarymi	Gefa börnunum rými og tíma til að klæða sig í útiföt	Starfsfólk deildarinnar	okt	des	Skráning á getu barna í að klæða sig í útifatnað sjálf	Barnið geti klætt sig að mestum hluta sjálf í útifatnað
Tjáning	Virka börn til þátttöku/staðsetja getu barna	Spilahópar og „sýna og sjá“	Deildarstjóri	sept	april	Tras lista til að staðsetja mál- og félagsþroska	Starfsfólk hafi innsýn í getu barna í mállegri og félagslegri tjáningu
Samskipti	Virka tjáningu barna	Innihaldsrík samskipti við börn í leik	Deildarstjóri	okt	april	Gefðu mér 10. skráning á tíma í beinum samskiptum við barn	Starfsfólk hafi yfirsýn um um meðvituð samskipti
Hópastarf	Þátttaka barna í hópastarfi	Hópastarf tvisvar í viku	Starfsfólk deildarinnar	okt	april	Kennari skráir þátttöku barna á fimm punkta Likert-kvarða	Þátttaka barna eflist með tímanum
Læsi	Efla vitund barna á rituðu máli	Verkefnið „Lubbi finnur málbein“	Starfsfólk deildarinnar	okt	april	Þekking barns á sínu stafahljóði. Fimm punkta Likert-kvarði á þátttöku barna í hóp	Barnið þekki sitt stafahljóð. Börnin séu virk í verkefnum með kennara



Matsþættir	Framkvæmd	Hvernig metið	Miðannarmat Hvernig gekk?	Áætlun fyrir vörmisseri	Vorannarmat Hvernig gekk?
Sjálfsþjálfun	Gefa börnunum tíma og rými til þess að efa sig að klæða sig í sjálf.	Að börnin geti klætt sig í pollabuxur/kuddagalla sjálf. Að börnin sýni vildleitni að reyna að klæða sig að einhverju leyti sjálf.	Það hefur gengið mjög vel að fara með hóp á morgnanna að efa sig í að sækja fót og byrja klæða sig sjálf. Langtím flest börnin eru farin að sýna sjálfstæði að einhverju marki við að klæðast í útiföt.	Halda áfram að vinna með að fara með hóp í fataklefa og hvetja, aðstoða og kenna börnunum að klæða sig í viðeigandi fatnað.	Öll börn á deildinni tókum miklum framförum í sjálfsþjálfun í fataklefa og öll börn sýndu mikla jákvæða vildleitni í að reyna sjálf. Við mátum að markmið sem sett voru í upphafi vetrar hafi verið náð og gott betur.
Tjáning	Spilahópar/Lubbi og „sýna og sjá“ verkefnið. Kennarar gera skráningar á þátttöku barna í hópastarfi og „sýna og sjá“ samverustundum.	Notast verður við tras lista til að staðsetja mál- og félagsþroska barna.	Ekki gekk nægjanlega vel að gera skráningu á þessum þáttum í starfinu, starfsfólk var íðulega að gleyma skráning og varð hún því ekki markvissirásvar gert fyrir öll börn á deildinni	Ætthum að skerpa á skráningu í hópastarfi svo við fáum einhverja mynd af því hvernig þátttaka barn sé. Trasendurtekið.	Við náðum því miður ekki á gera skráning nægjanlega skipulagða, því gátum við ekki lagt mat á hvort að þátttaka barna hafi breyst með tímanum. Við höldum vel utan um skráningu í tras og náðum góðri yfirsýn á getu barna í mál- og félagsþroska
Samskipti	Eigum innihaldsrík samskipti við barn í leik.	Gefðu mér 10. skráningar á samræðum og samskiptum barna.	Í byrjun annar forúm við nokkuð vel af stað með skráningu Gefðu mér 10. þegar leið á önnina dattu skráningar upp fyrir sig, en starfsfólk fannst þetta skapa vönnur til með óttað samskipta við börnin	Skráning er nauðsynleg, því ætthum við að taka upp skráningarblöð aftur og velja börn hverju sinni sem unnið er sérstaklega með.	Við förum vel á stað í skráningu á „Gefðu mér 10, þegar leið á dattu“ þær uppfyllir Eins og kom fram í miðannarmati þá fannst starfsfólk þáð skapa vönnu í meðvituðum samskiptum við börnin.
